37 Hreppsnefndin hefir nú álitið, að dómur þessi sje eigi á góðum rökum byggður
24. marz og að þvert á móti hafi undir málinu komið fram nœgilegar líkur fyrir því, að Bjarni hafi öðlazt húsmennskuleyfi, áður en hann settist að í Reykjavík, en um það atriði verður ekki dœmt hjer, þar sem búið er að gjöra út um það með hjeraðsdómi, og verður honum að eins breytt með áfrýjun til yfirdómsins. Með því nú að dvöl Bjarna í Reykjavík frá árinu 1868 eða 1869 hefir samkvæmt hjeraðsdómnum og 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 verið ólögleg, með því að hann, fyrr en hann settist að í húsmennsku í Reykjavík að eins var búinn að dvelja þar í 1—2 ár, með því að hann haustið 1877 þáði styrk úr sveitarsjóði Reykjavíkur, og með því að hann hvergi annarstaðar en þar hefir haft 10 ára samfleytta dvöl, síðan hann var 16 ára gamall, verður hann nú að teljast sveitlægur í fœðingarhreppi sínum Austur-Landeyjahreppi. Eptir þessu verður ónauðsynlegt að rannsaka, hvort lán það, er hreppsnefndaroddvitinn í Austur-Landeyjahreppi veitti Bjarna árið 1876 geti álitizt sveitarstyrkur, og skal úrskurður sá, er þjer herra amtmaður hafið lagt á þetta mál, óraskaður standa.

38 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður og vesturumdœminu* **um úr-**
24. marz **skurð hjeraðsnefnda á kirkjureikningum** — Í brjefi frá 14. desbr. fyrra árs hafið þjer, herra amtmaður, spurzt fyrir um, hvort reikningar kirkna þeirra, er landssjóðurinn á í Vestur-Skaptafellssýslu, eigi samkvæmt lögum um stjórn safnaðamála og skipun sóknanefnda og hjeraðsnefnda frá 27. febr. 1880 11. gr. að leggja fyrir hjeraðsnefndirnar til umrœðu og úrskurðar, þegar búið er að endurskoða þá. Eptir að hafa leitað ummæla biskupsins yfir Íslandi einkum að því, er snertir þýðingu spurninga þessarar fyrir aðrar kirkjur landssins, en þœr er landssjóðurinn á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir umboðsmanni Kirkjubœjar og Þykkvabœjarklausturs, það sem hjer segir.

Ákvörðun sú í 11. gr. nefndra laga, er hjer rœðir um, stendur í nánu sambandi við 8. gr. laganna, sem ákveður, að ef fjemál kirkju eru fengin söfnuði í hendur, skuli sóknarnefndin einnig hafa á hendi umsjón yfir kirkjunni og eigum hennar, og var lagafrumvarp í þessa stefnu lagt fyrir alþingi 1879, en fellt. Henni verður því að svo stöddu ekki komið við í öllum atriðum sínum, þar eð ekki er með nefndum lögum gjörð nein breyting á ákvörðunum þeim, sem hingað til hafa verið í gildi um endurskoðun þá og úrskurð á kirkjureikningunum, sem framkvæmdur er af landshöfðingja að því er snertir kirkjur þær, er landssjóðurinn á, og af biskupi með tilliti til annara kirkna landsins. Þó ákvarðanirnar í 11. gr. laganna þannig ekki geti átt við fullnaðarúrskurð kirkjureikninganna, virðist samt sem áður ekkert því til fyrirstöðu, að hjeraðsfundunum verði gefið tœkifœri til að kynna sjer hina árlegu reikninga kirkna þeirra, er landssjóðurinn á, og að inní skýrslu þá, um gjörðir fundarins, sem samkvæmt 12. gr. laganna ber að senda biskupi, og þar sem á að geta um bæði ákvarðanir meiri hlutans og ágreiningsatkvæði minni hlutans, sjeu teknar þær athugasemdir, sem hjeraðsfundurinn finnur tilefni til að gjöra við reikningana, svo að tillit geti orðið tekið til þeirra, þegar reikningarnir eru úrskurðaðir.

Jeg vil því skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir fjárhaldsmann hinna umrœddu kirkna í Vestur-Skaptafellssýslu, er landssjóðurinn á, að senda prófastinum í nefndri sýslu, til framleggingar fyrir hjeraðsnefndina, eptirrit eptir reikningunum um leið, og hann sendir þá hingað til endurskoðunar, og úrskurðar.